

ERINDALEZ ÞYÐING

Alþingi

Erindi nr. P 125/767

komudagur 21. 2. 2000

Tilmæli
ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna, nr. R (87) 15, er festi í reglur
notkun lögreglu á persónuupplýsingum

*(Samþykkt af ráðherranefndinni þann 17. september 1987
á 410. fundi aðstoðarmanna ráðherranna)*

Ráðherranefndin, skv. ákvæðum 15. gr. b í samþykktum Evrópuráðsins, með tilliti til, að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu meðal aðila þess;

sem er kunnugt um, að sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga verður sífelld algengari innan lögreglunnar og að ýmsir kostir kunna að vera því fylgjandi að beita tölvum og annarri tækni á þessu sviði;

sem tekur jafnframt tillit til þess sjónarmiðs að friðhelgi einstaklinga kunni að vera ógnað, ef aðferðir sjálfvirkrar vinnslu eru misnotaðar;

sem viðurkennir þörfina á því að finna eðlilegt vægi milli hagsmuna, annars vegar hinna opinberu sem felast í að koma í veg fyrir og sporna gegn brotastarfsemi og viðhalda allsherjarreglu, en hins vegar þeirra sem snerta einstaklinginn og rétt hans til einkalífs;

sem hefur í huga ákvæði samningsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 28. janúar 1981, einkum undantekningar sem leyfðar eru samkvæmt 9. gr. samningsins;

sem einnig hefur í huga ákvæði 8. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis,

mælist til þess að ríkisstjórnir aðildarríkjanna:

- gæti að meginreglum þeim sem er að finna í viðauka við tilmæli þessi, við setningu og framkvæmd landslaga sinna, og

- tryggi að almenningi séu kynnt ákvæðin í viðauka við tilmæli þessi, sérstaklega hvað varðar þau réttindi sem framkvæmd ákvæðanna færir einstaklingum.

Gildissvið og skilgreiningar

Þær meginreglur sem eru í tilmælum þessum eiga við um söfnun, vistun, notkun og miðlun persónuupplýsinga sem sætt hafa sjálfvirkri vinnslu í þágu löggæsluhagsmuna.

Með persónuupplýsingum í tilmælum þessum, er átt við hverjar þær upplýsingar sem varða tiltekinn einstakling, hvort sem hann er sérgreindur eða sérgreinanlegur. Einstaklingur telst þó ekki sérgreinanlegur ef persónugreining upplýsinga um hann útheimtir óhóflega mikinn tíma, kostnað eða mannafla.

Með löggæsluhagsmunum er átt við öll þau verkefni sem lögregla þarf að sinna til þess að koma í veg fyrir og sporna gegn afbrotum og halda uppi allsherjarreglu.

Með ábyrgðaraðila (skráarhaldara), er átt við stjórnvald, þjónustustofnun eða annan opinberan aðila sem að landslögum er til þess bær að ákveða í hvaða tilgangi sjálfvirkri skrá skuli haldin, hvaða tegundir persónuupplýsinga skuli vistaðar og hvaða meðferð upplýsingarnar sæta.

Aðildarríki er heimilt að mæla fyrir um að meginreglurnar í tilmælum þessum skuli einnig gilda um persónuupplýsingar sem sæta annarri meðferð en kerfisbundinni skráningu.

Handvirk skráning upplýsinga skal ekki eiga sér stað ef þeirri meðferð er beitt til þess að komast hjá ákvæðum þessara tilmæla.

Aðildarríki er heimilt að mæla fyrir um að meginreglurnar í tilmælum þessum skuli einnig ná til upplýsinga sem varða hópa fólks, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir, félög í atvinnurekstri eða hvern annan aðila sem með beinum eða óbeinum hætti er skipaður einstaklingum, og óháð því hvort um lögaðila er að ræða.

Ekki er rétt að skýra ákvæði þessara tilmæla með þeim hætti, að þau takmarki eða hafi öðruvísi áhrif á möguleika aðildarríkis til þess mæla fyrir um, þegar þess kann að vera þörf að tilteknar meginreglur sem tilmælin geyma, skuli einnig gilda um söfnun, vistun og notkun persónuupplýsinga í þágu öryggishagsmuna ríkisins.

Meginreglur

Meginregla 1 - Eftirlit og tilkynningarskylda

1.1. Í hverju aðildarríki skal starfa sjálfstæð eftirlitsstofnun, utan lögreglunnar, sem bera skal ábyrgð á því að virtar séu meginreglur þær sem eru í þessum tilmælum.

1.2. Því aðeins er heimilt að taka í notkun nýjar tæknilegar aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga að áður hafi verið gripið til allra sanngjarnra aðgerða til þess að tryggja að notkun þeirra rúmist innan anda gildandi laga um gagnavernd.

1.3. Ábyrgðaraðilinn skal fyrirfram leita álits eftirlitsstofnunar í hverju tilviki, þegar spurningar vakna um beitingu þessara tilmæla, og í ráði er að taka upp aðferðir við sjálfvirka vinnslu.

1.4. Eftirlitsstofnuninni skal tilkynnt um allar varanlegar kerfisbundnar skrár. Í tilkynningu skal koma fram hvers eðlis viðkomandi skrá er, hver sé ábyrgur fyrir vinnslu hennar, tilgangi hennar, tegund gagna sem skráin inniheldur og hvaða upplýsingum úr skránni er miðlað til.

Jafnframt skal tilkynna eftirlitsstofnuninni um tilviksbundnar skrár sem búnar hafa verið til í tilefni sértækra aðgerða, annað hvort samkvæmt skilmálum

eftirlitsstofnunarinnar, sem settir hafa verið með hliðsjón af sérstöku eðli slíkra skráa, eða í samræmi við landslög.

Meginregla 2 - Söfnun upplýsinga

- 2.1. Söfnun persónuupplýsinga í þágu löggæsluhagsmuna skal takmörkuð við það sem nauðsynlegt er til þess að afstýra yfirvofandi hættu eða til þess að sporna gegn tilteknu refsiverðu broti. Ákvæði þessarar greinar er því aðeins undanþægt, að um slíkt sé mælt fyrir með afmörkuðum hætti í landslögum.
- 2.2. Þegar upplýsingum um einstakling hefur verið safnað og þær vistaðar í skrá án vitneskju hans og án þess að upplýsingunum hafi verið eytt, skal tilkynna viðkomandi einstaklingi um leið og því verður við komið að upplýsingar um hann séu á skrá, enda sé unnt að gera slíkt án hættu á að valda rannsóknarhagsmunum lögreglu tjóni.
- 2.3. Söfnun upplýsinga með tæknilegu eftirliti eða öðrum sjálfvirkum hætti, skal háð sérstökum reglum þar að lútandi.
- 2.4. Banna skal söfnun upplýsinga um einstaklinga, sem framkvæmd er einvörðungu á grundvelli kynþáttar viðkomandi, sérstakra trúarskoðana, kynhegðunar eða stjórnmalaskoðana, eða sökum þess að viðkomandi er félagi í tilteknum samtökum eða hreyfingum, nema slík upplýsingasöfnun sé beinlínis fyrirskipuð í lögum. Söfnun upplýsinga af þessum toga skal þá aðeins fara fram ef brýna nauðsyn ber til í þágu sértækrar aðgerðar.

Meginregla 3 - Vistun upplýsinga

- 3.1. Að svo miklu leyti sem unnt er skal varsla persónuupplýsinga í þágu löggæsluhagsmuna takmörkuð við sannreyndar upplýsingar og við slíkar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að lögregla megi rækja lögmætt hlutverk sitt innan ramma landslaga og skuldbindinga sem leiða af þjóðarétti.
- 3.2. Að svo miklu leyti sem unnt er skulu mismunandi tegundir varðveittra upplýsinga aðgreindar í samræmi við nákvæmni þeirra eða áreiðanleika og sérstaklega skal halda upplýsingum um staðreyndir aðgreindum frá gögnum byggðum á álitum eða persónulegu mati.
- 3.3. Þegar vista skal með varanlegum hætti, upplýsingar sem safnað hefur verið vegna stjórnarsýsluhlutverks, skulu þær vistaðar í aðskilinni skrá. Í öllum tilvikum skal gera ráðstafanir til að stjórnarsýsluupplýsingar lúti aldrei reglum sem gilda um löggæsluupplýsingar.

Meginregla 4 - Notkun lögreglu á upplýsingum

4. Með fyrirvara um meginreglu 5, skulu persónuupplýsingar sem safnað er og vistaðar af lögreglu vegna löggæsluhagsmuna, eingöngu notaðar í þágu þeirra hagsmuna.

Meginregla 5 - Miðlun upplýsinga

- 5.1. Miðlun upplýsinga innan löggæslunnar.
Miðlun upplýsinga í löggæsluskyni má því aðeins eiga sér stað milli lögregluvalda að fyrir hendi sé lögmæt þörf fyrir slíka miðlun og að leiða megi þörfina af verkefnum sem viðkomandi yfirvöld hafa með höndum lögum samkvæmt.
- 5.2.i. Miðlun upplýsinga til annarra opinberra aðila.

Miðlun upplýsinga til annarra opinberra aðila má því aðeins eiga sér stað, í sérstöku máli:

a. þegar fyrir hendi er ótvíræð skylda eða heimild til upplýsingagjafar lögum samkvæmt, eða með heimild eftirlitsstofnunar, eða

b. þegar upplýsingagjöfin er forsenda viðtakandans fyrir því að geta uppfyllt lagaskyldur sínar, enda sé markmið viðtakandans þegar hann tekur við upplýsingunum, til skráningar eða annarrar meðferðar, eigi ósamrýmanlegt upphaflegri skráningu, og lagaskyldur upplýsingagjafans standa því ekki í vegi.

5.2.ii. Ennfremur er upplýsingamiðlun til annarra opinberra aðila, í undantekningartilvikum heimil, í sérstöku máli:

a. þegar ótvírætt er að upplýsingagjöfin sé til hagsbóta fyrir hinn skráða, annaðhvort að fengnu samþykki hans, eða að aðstæður allar benda til þess að hann myndi gefa samþykki sitt, eða

b. þegar upplýsingagjöf er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu.

5.3.i. Miðlun upplýsinga til einkaaðila

Miðlun upplýsinga til einkaaðila má einungis eiga sér stað, í sérstöku máli, þegar fyrir hendi er ótvíræð skylda eða heimild til upplýsingagjafar lögum samkvæmt, eða með heimild eftirlitsstofnunarinnar.

5.3.ii. Ennfremur er upplýsingamiðlun til einkaaðila, í undantekningartilvikum heimil, í sérstöku máli:

a. þegar ótvírætt er að upplýsingagjöfin sé til hagsbóta fyrir hinn skráða og annaðhvort að fengnu samþykki hans, eða að aðstæður allar benda til þess að hann myndi gefa samþykki sitt, eða

b. þegar nauðsyn er á upplýsingagjöf til þess að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu.

5.4. Upplýsingamiðlun milli landa.

Upplýsingamiðlun til erlendra stjórnvalda skal takmarkast við lögregluyfirvöld. Slík miðlun má því aðeins eiga sér stað:

a. þegar fyrir hendi er ótvíræð lagaheimild að landsrétti eða alþjóðalögum,

b. án slíkrar lagaheimildar, ef upplýsingamiðlunin er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu eða sporna gegn alvarlegum afbrotum sem eru refsiverð samkvæmt almennum lögum, enda séu ekki brotnar reglur um vern einstaklinga samkvæmt landsrétti.

5.5.i. Beiðnir um upplýsingagjöf

Að teknu tilliti til sértækra reglna í landslögum eða milliríkjasamningum, skulu beiðnir um upplýsingagjöf hafa að geyma lýsingu á þeim manni eða stofnun sem óskar upplýsinganna, sem og ástæður þess að beiðnin er fram komin og í hvaða skyni upplýsinganna er leitað.

5.5.ii. Skilyrði fyrir því að miðla megi upplýsingum

Sannreyna skal áreiðanleika gagna, eftir því sem unnt er, og í síðasta lagi áður en upplýsingum er miðlað. Að svo miklu leyti sem unnt er skulu dómsákvæðanir sem og ákvarðanir um að höfða ekki opinbert mál auðkenndar sérstaklega þegar upplýsingar eru veittar, svo og skulu allar upplýsingar sem byggjast á álitum eða persónulegu mati sannreyndar gagnvart heimildarmanni áður en til upplýsingagjafar kemur, og að þá sé lýst hversu nákvæmar eða áreiðanlegar upplýsingarnar eru.

Upplýsingar skal ekki veita ef í ljós kemur, að þær eru ekki lengur nákvæmar eða úreltar. Ef upplýsingar sem eru ekki lengur nákvæmar eða úreltar hafa verið

veittar, skal sá sem miðlaði þeim, upplýsa, eftir því sem hægt er, alla viðtakendur upplýsinganna um annmarka á þeim.

5.5.iii. Öryggisatriði við upplýsingamiðlun.

Upplýsingar sem veittar eru öðrum stjórnvöldum, einkaaðilum og erlendum yfirvöldum má ekki nota í öðrum tilgangi en þeim, sem lýst var í beiðni um upplýsingar.

Notkun upplýsinganna í öðru skyni skal ávallt háð samþykki þess stjórnvalds sem upplýsingarnar veitir, og má ekki fara í bága við málsgreinar 5.2 – 5.4. þessarar meginreglu.

5.6. Samtenging skráa og beinlínuaðgangur að skrám.

Samtenging skráa við skrár sem haldnar eru í öðru skyni skal háð öðru af neðangreindum skilyrðum:

a. að eftirlitsstofnunin hafi veitt heimild sína í þágu rannsóknar á tilteknu broti, eða

b. að slíkt sé heimilt samkvæmt skýru lagaákvæði.

Aðeins skal heimila samtímaaðgang eða beinlínuaðgang að skrám, að slíkur aðgangur sé í samræmi við landslög sem að auki taki mið af meginreglum 3 til 6 í tilmælum þessum.

Meginregla 6 - Tilkygningar, réttur til aðgangs að lögregluskrám, réttur til leiðréttingar og kæruehimildir

6.1. Eftirlitsstofnunin skal grípa til aðgerða sem hún telur fullnægjandi til þess að tryggja að almenningur fái vitneskju um skrár sem skylt er að tilkygna um sem og réttindi þau sem tengd eru slíkum skrám. Framkvæmd þessarar meginreglu ætti að taka mið af sérstökum eiginleikum bráðabirgða skráa, sérstaklega til að forðast alvarlegt óhagræði við framkvæmd verkefna lögreglu lögum samkvæmt.

6.2. Hinum skráða skal gert kleift, í samræmi við aðferð sem mælt er fyrir um í landslögum, að öðlast aðgang að lögregluskrá með eðlilegu millibili og án óhæfilegra tafa.

6.3. Hinum skráða skal gert kleift, þar sem það á við, að fá leiðréttar á upplýsingar um sig sem geymdar eru á skrá.

Ef í ljós kemur þegar aðgangsréttar er neytt, að persónuupplýsingar eru ónákvæmar eða að þær eru, í ljósi þeirra krafna sem fram koma í öðrum meginreglum þessara tilmæla, of umfangsmiklar, ónákvæmar eða óviðkomandi máli, skal eyða slíkum upplýsingum eða leiðrétta þær eða bæta leiðréttingaryfirlýsingu við skrána.

Sé gögnum eytt eða þau leiðrétta, skal þess gætt svo sem kostur er, að slík aðgerð taki til allra skjala sem fylgja lögregluskránni og ef eyðing eða leiðrétting fer ekki fram þegar í stað, skal þess gætt að aðgerðin sé framkvæmd í síðasta lagi áður en frekari gagnavinnsla á sér stað eða áður en viðkomandi upplýsingum er miðlað.

6.4. Ekki má leggja frekari hömlur á aðgangsrétt, rétt til leiðréttingar og eyðingar gagna, en óhjákvæmilegt er til þess að vernda framkvæmd lögakveðinna verkefna löggæslunnar eða nauðsynlegar eru til þess að vernda hinn skráða sjálfan eða réttindi og frelsi annarra manna.

Í þágu hins skráða, má undanskilja skriflegar skýrslur enda sé kveðið á um það í lögum og varði tiltekið mál.

6.5. Synjun eða takmörkun þessara réttinda skal rökstudd skriflega. Einungis skal heimilt að víkja frá skyldu til að veita rökstuðning, ef það er óhjákvæmilegt til þess að

vernda framkvæmd lögakveðinna verkefna löggæslunnar eða er nauðsynlegt til þess að vernda réttindi og frelsi annarra manna.

6.6. Sé hinum skráða neitað um aðgang að gögnum, skal honum unnt að skjóta máli sínu til eftirlitsstofnunarinnar eða annars sjálfstæðs aðila, sem jafnframt skal gert kleift að ganga úr skugga um að synjunin sé málefnaleg.

Meginregla 7 - Um tímalengd á vörslu gagna og uppfærslu þeirra

7.1. Gera skal ráðstafanir til að eyða persónuupplýsingum sem geymdar eru í þágu löggæsluhagsmuna, ef þær teljast ekki lengur nauðsynlegar með vísan til þess í hvaða skyni þær voru vistaðar.

Í þessum tilgangi, skal sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða: hver þörf er á því að viðhalda gögnum í ljósi niðurstöðu rannsóknar í tilteknu máli; að fengin sé endanleg niðurstaða dómstóla, einkum ef sú niðurstaða er sýkna; ef manni er veitt uppreist æru; ef ítrekunaráhrif brots eru fallin niður; ef sakaruppgjöf er veitt; aldur hins skráða; til hvaða tegundar viðkomandi gögn flokkist.

7.2. Á grundvelli landslaga, eða með samþykki eftirlitsstofnunarinnar, skulu settar reglur sem miði að því að ákveða tiltekinn geymslutíma fyrir mismunandi tegundir persónuupplýsinga og ákvarða reglubundnar prófanir á gæðum upplýsinganna.

Meginregla 8 - Öryggi gagna

8. Viðkomandi ábyrgðaraðili skal grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja viðhlítandi áþreifanlegt og óáþreifanlegt öryggi gagna og vernda þau gegn aðgangi, miðlun eða breytingum án heimildar.

Í þessum tilgangi skal taka tillit til mismunandi eiginleika og innihalds skráa.